

10. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í skrifstofu sveitarstjóra í Rangárbíngi eystra kl. 12-14:45
29. janúar 2014.

Mætt: Rögnvaldur Ólafsson, Ásgeir Magnússon, Helga Þorbergsdóttir, Jóhannes Gissurarson og Ísólfur Gylfi Pálmason. Auk þess sátu fundinn Steingerður Hreinsdóttir, Guðlaug Ósk Svansdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Sigurður Sigursveinsson, sem ritaði fundargerð.

- Steingerður greindi frá stöðu mála varðandi uppsögn á IPA samningnum. Haldinn var fjarfundur sl. mánudag í Reykjavík fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins með fulltrúum einstakra IPA verkefna á Íslandi. Í framhaldi af þeim fundi sendi Háskólafélagið tillögu í gær til Brüssel um það að draga úr kostnaði ESB við verkefnið án þess að segja samningum upp. Í morgun barst tölvupóstur þar sem Evrópusambandið er tilbúið að taka á móti ítarlegri gögnum í þessu sambandi – fyrir vikulokin.
- Steingerður fylgdi úr hlaði gögnum um kostnað og forsendur við rekstur jarðvangsins að loknu IPA verkefninu. Í umræðum komu m.a. fram sjónarmið um mikilvægi þess að treysta tengslin við ferðþjónustuaðilana á svæðinu og sveitarstjórnirnar. Velt upp ólíkum útfærslum, t.d. varðandi málefni tengd gjaldtöku á ferðamannastöðum, samstarf um rekstur upplýsingamiðstöðva og opinber framlög. Eindreginn vilji kom fram á fundinum við að leita lausna til að tryggja rekstur jarðvangsins til frambúðar.
- Ákveðið að stefna að samráðsfundum með ferðþjónustuaðilum í hverju sveitarfélaganna þriggja í febrúar og kynna afrakstur slíkrar vinnu á sveitarstjórnarfundum í mars.
- Stefnt að næsta stjórnarfundum í jarðvanginum þriðjudaginn 4. mars kl. 12 á Kirkjubæjarklaustri.